

Drög að tillögum ofbeldisvarnarnefndar og forsætisnefndar  
16. febrúar 2018

**Borgarstjórn fól forsætisnefnd og ofbeldisvarnarnefnd á fundi sínum þann 5. desember 2017 að gera tillögur um aðgerðir til að bregðast við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi Reykjavíkurborgar #metoo #ískuggavaldsins**

**Tillögur að aðgerðum:**

**1. Meta umfang vandans**

**Starfsfólk borgarinnar**

Það eru til niðurstöður viðhorfsskannana, sem gerðar hafa verið undanfarin ár meðal starfsfólks borgarinnar, um áreitni, fordóma o.fl. Nauðsynlegt að taka saman þær niðurstöður. Ný könnun sem nú er í framkvæmd mun veita upplýsingar um umfang vandans.

**Ábyrgð: Samantekt og ný könnun:** Mannauðsdeild

**Kostnaður:** Enginn viðbótarkostnaður

**Kjörnir fulltrúar**

Ekki hefur verið framkvæmd könnun á meðal kjörinna fulltrúa en gera þarf sambærilega könnun fyrir kjörna fulltrúa – nota sömu spurningar og í starfsmannakönnun. Var samþykkt á fundi forsætisnefndar 2. febrúar 2018.

**Ábyrgð:** Forsætisnefnd

**Kostnaður:** 200.000 kr.

**2. Endurskoða siðareglur kjörinna fulltrúa**

Nauðsynlegt að endurskoða siðareglur kjörinna fulltrúa, svo skýrt sé að þær taki til kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Forsætisnefnd hefur forystu um þá vinnu sem unnin er í samráði við kjörna fulltrúa.

**Ábyrgð:** Forsætisnefnd

**Kostnaður:** 100.000 kr.

**3. Endurskoða siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar**

Nauðsynlegt að endurskoða siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar, svo skýrt sé að þær taki til kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Mannauðsdeild hefur forystu um þá vinnu sem unnin er með aðkomu starfsfólks. Tryggja þarf að siðareglur séu aðgengilegar starfsfólki í daglegum störfum og til á algengustu tungumálum hverju sinni.

**Ábyrgð:** Mannauðsdeild

**Kostnaður:** 200.000 kr.

**4. Fara yfir verklagsreglur og viðbragðsáætlanir og tryggja að þær nái yfir áreitni og ofbeldi**

Fara þarf yfir **verklagsreglur og viðbragðsáætlanir** Reykjavíkurborgar og uppfæra eftir atvikum til að skýrt sé hvernig bregðast skal við ef upp kemur grunur um áreitni eða ofbeldi. Tryggja þarf að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir séu aðgengilegar starfsfólki og þjónustugegum, á algengustu tungumálum hverju sinni.

**Ábyrgð:** Ofbeldisvarnarnefnd/forsætisnefnd/mannauðsdeild/mannauðsdeildir sviða

**Kostnaður:** 200.000 kr.

**5. Aðgerðarteymi fyrir kjörna fulltrúa**

Skipað verði utanaðkomandi aðgerðarteymi fagfólks s.s. sálfræðings, markþjálfar og siðfræðings sem kjörnir fulltrúar geta leitað til.

**Ábyrgð:** Forsætisnefnd.

**Kostnaður:** Fer eftir umfangi og fjölda mála

**6. Sífræðsla og árvekniátök**

Efla þarf fræðslu um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og annað ofbeldi til starfsmanna, stjórnenda og annarra sem að málaflokknum kunna að koma. Helstu verkefni má greina hér að neðan.

**Búa til aðgengilegt kynningar- og fræðsluefni á nokkrum tungumálum:**

Búin verði til myndbönd til að nýta í kynningum. Einnig þarf að búa til fræðsluefni sem er aðgengilegt t.d. á netinu sem fjallar um kynferðislega og kynbundna áreitni, óviðeigandi framkomu, hegðun og samskipti. Við gerð fræðsluefnis þarf að tryggja að fræðsluefnið nái til allra sem vinna hjá Reykjavíkurborgar og að framsetning efnis sé aðgengileg og auðskiljanleg öllum. Huga þarf sérstaklega að konum af erlendum uppruna og jaðarsettum og viðkvæmum hópum.

**Opinn fundur um kynbundna og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa**

Haldið verður opið málþing fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Á málþinginu verður vakin athygli á stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokknum og boðið upp á samtal og samræður.

**Fræðslufundir**

Fræðsla um málefnið fyrir stjórnendur, fulltrúa í eineltis- og áreitniteymum, öryggisfulltrúa, trúnaðarmenn og fulltrúa stéttarfélagi. Fræðsla verður sniðin að hverjum hópi út frá hlutverki hvers og eins varðandi málaflokkinn. Fagsvið borgarinnar í samvinnu við stjórnendur halda fræðsluerindi á vinnustöðum borgarinnar til starfsmanna.

**Ábyrgð:** Ofbeldisvarnarnefnd/mannauðsdeild og mannaútsdeildir sviða

**Kostnaður:** 3.000.000

**7. Efla fræðslu fyrir kjörna fulltrúa**

Fræðsla fyrir kjörna fulltrúa þarf að vera skipulögð jafnt og þétt yfir allt kjörtímabilið. Þá þarf að hafa sérstaka fræðslu um samskipti kjörinna fulltrúa við aðra kjörna fulltrúa, við starfsfólk og aðra sem kjörnir fulltrúar eru í samskiptum við vinnu sinnar vegna m.t.t. til áreitni og kynbundins ofbeldis.

**Ábyrgð:** Forsætisnefnd/skrifstofa borgarstjórnar

**Kostnaður:** Enginn viðbótarkostnaður

#### 8. Kynning á mannréttindastefnu

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru flest þau atriði ávörpuð sem skipta máli fyrir góð og uppbyggileg samskipti fólks í Reykjavík. Stefnuna þarf að kynna á öllum starfsstöðum borgarinnar og einnig þarf að gera ráð fyrir kynningum til borgarbúa með auglýsingum eða herferðum um eðlileg samskipti og umburðarlyndi gagnvart fólki. Huga þarf að því að þýða mannréttindastefnuna á fleiri tungumál.

**Ábyrgð:** Mannréttindaskrifstofa

**Kostnaður:** 2 milljónir

#### 9. Gátt fyrir börn

Skoða hvort rétt er að opna gátt fyrir börn þar sem þau geta látið vita um áreitni eða ofbeldi í sínu umhverfi hvort sem þau eru í skóla, íþróttum, tónlist eða hvar sem er. Skipa starfshóp sem útfærir hugmyndina og skilar tillögum til borgarráðs.

**Ábyrgð:** Mannréttindaskrifstofa og Barnavernd Reykjavíkur

**Kostnaður:** Starfshópur gerir áætlun um kostnað

#### 10. Stuðningur við íþróttahreyfinguna

Í þjónustusamningi borgarinnar við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) þar sem kemur fram að fjárveitingar til íþróttafélaganna eru skilyrtar við að virk jafnréttisstefna og siðareglur séu til staðar og þar er einnig tekið fram að íþróttafélögum beri að fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. Íþróttafélögin eru mislangt á veg komin og því hefur verið ákveðið að ÍBR fái stuðning frá borginni til að yfirfara siða- og viðbragðsreglur. Koma þarf upp einu viðbragðsteymi staðsettu hjá ÍBR til að styðja við íþróttafélögin í borginni og skoða fyrirkomulag þjálfunar íþróttþjálfara. Ef til vill má samþætta þá þjálfun annarri fræðslu borgarinnar.

**Ábyrgð:** Mannréttindaskrifstofa og ofbeldisvarnarnefnd

**Kostnaður:** Ef kostnaður fellur á verkefnið þá verður gerð tillaga um það til borgarráðs

#### 11. Fræðsla fyrir allt starfsfólk sem starfar með börnum í anda opinskátt um ofbeldi

Ofbeldisvarnarnefnd mun kalla eftir upplýsingum um þjálfun fólks sem vinnur með börnum í borginni og skoða hvort hraða þurfi innleiðingu verkefnisins „opinskátt um ofbeldi“ og ef til vill útvíkka það.

**Ábyrgð:** Ofbeldisvarnarnefnd

**Kostnaður:** Ef kostnaður fellur á verkefnið þá verður gerð tillaga um það til borgarráðs

#### 12. Gerð áhættumats á öllum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar

Gera þarf úttekt á hvernig áhættumati borgarinnar er framfylgt og innleitt og bæta úr þar sem brotalamir kunna að vera. Einnig verði gert áhættumat m.t.t. þjónustuþega á þeim starfsstöðum sem það á við s.s. í barnavernd og í þjónustu við fatlað fólk og börn. Þá kann að

þurfa að endurskoða skriflegar áætlanir um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum borgarinnar og einnig bæta úr eða gera nýtt áhættumat. Styðjast þarf við reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Viðmiðin sem notuð hafa verið hingað til við gerð áhættumats á vinnustöðum Reykjavíkurborgar verða yfirfarin í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði til að tryggja að áhættumat sem framkvæmt er nemi mögulegar misfellur í starfsumhverfinu sem leitt geta til áreitni og eineltis. Jafnframt verði hugað að því hvernig standa megi að sífræðslu og hrinda af stað árvekniátaki, sé þess þörf, á vinnustöðunum Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði hugað að fræðslu fyrir starfsfólk mannauðsþjónusta fagsviða og fulltrúa í öryggisnefndum sviða.

**Ábyrgð:** Mannauðsdeild Ráðhúss og mannréttindaskrifstofa

**Kostnaður:** Þegar nánari kostnaðarútreikningur liggur fyrir verður gerð tillaga um það til borgarráðs